

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbikunarstöðin Höfði Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	4.4.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Malbikunarstöðin Höfði	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Sævarhöfði 6 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	4201871499	<b>Flokkur</b>	Malbik	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Halldór Torfason	<b>ÍSAT nr.</b>	26.82.9	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Elín Ásgeirsdóttir	<b>Staðsetning</b>	362038,627	405923,675

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi. Úrbótaáætlun hefur verið samþykkt en þarfnast uppfærslu vegna neðanjarðargeymis, daggeyma og tveggja geyma undir lífræna olíu. Þrjár athugasemdir voru gerðar við malbikunarstöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá eftirlits samkvæmt útsendum tölvupósti:

1. Yfirferð skýrslu frá síðasta ári og útafstandandi atriði
2. Fráveita af lóð fyrirtækisins og olíuskiljur
3. Ryk og útblástur brennara - kvörðun mælitækja
4. Hávaðauppsprettur - skermanir
5. Staðsetning olíugeyma - árekstrarvarnir
6. Skráningar og skýrslur til Umhverfisstofnunar
7. Annað

Í eftirlitsskýrslu síðasta árs komu fram fjögur frávik frá kröfum í starfsleyfi. Gerð var úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti og hefur verið unnið samkvæmt henni. Úrbótum vegna krafna um botnþykktarmælinga er ekki lokið en úrbótaáætlunin gerir ráð fyrir að mælingum sé lokið veturinn 2014. Úrbótum vegna annarra frávíka er lokið.

Vegna athugasemda sem Umhverfisstofnun gerði í eftirliti síðasta árs kom fram að unnið er að vottun á gæða-, öryggis- og umhverfisstjórnunarkerfum fyrirtækisins og ýmsar áæltanir sem starfsleyfið gerir kröfur um eru í endurskoðun þ.m.t. áætlun um viðbrögð við bráðamengun og mengunaróhöppum, áætlun um eðlilegan rekstur og viðhald rykhreinsibúnaðar og viðbragðsáætlun vegna óhagstæðra veðuraðstæðna.

Fram kom að fyrirtækið hefur öll sín mál sem tengjast REACH í lagi.

Farið var yfir staðsetningu allra olíugeyma á lóð fyrirtækisins og þeir staðsettir á korti. Fram kom að 11 geymar eru í notkun hjá félaginu, nokkrir þeirra færanlegir. Einn neðanjarðargeymir er í notkun vegna brennara við ViaNova stöðina. Geymirinn var hysjaður í kápu (tvöfaldaður), en óvíst er um aldur hans og því komið að mælingum á þykkt geymisins og ástandsskoðun. Tveir daggeymar eru við ViaNova stöðina sem einnig þarfnast skoðunar. Tveir geymar undir lífræna olíu (áður white spirit) standa í þró félagsins við Sævarhöfða 10 og óskað er eftir upplýsingum um aldur þeirra og ástand.

Borist hafa niðurstöður þrýstiprófana á lögn frá bryggju við athafnasvæði Jarðborana hf. að birgðageymum við Sævarhöfða 10, og einnig þrýstiprófun frá birgðageymum í malbikunarstöð við Sævarhöfða 6. Báðar lagnirnar stóðust prófanir og voru samþykktar af Umhverfisstofnun.

Mæling á olíuleifum í fráveitu stöðvarinnar barst stofnuninni og niðurstöður sýna að fráveitan stenst kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm).

Skoðun á niðurstöðum rykmælinga sýna að fyrirtækið er vel innan marka um ryk frá skorsteinum við malbiksframleiðsluna. Malbikunarstöðin skal kvarða mælitæki í útblæstri beggja stöðvanna á árinu.

Farið var um lóð fyrirtækisins, breytingar frá síðasta ári skoðaðar m.a. árekstrarvarnir og sýnatökubrunnar vegna sýna úr frárennsli við stöðvarnar. Unnið er að gerð aðstöðu á efra svæði m.a. þvottaplans og sett hefur verið niður ný olíuskilja við efra svæðið.

**Frávik frá****Botnþykktarmælingar olíugeyma****Lýsing á frávik**

**Frávik frá:** Krafa er í starfsleyfi, grein 2.7, um að uppfylla skuli ákvæði um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi sbr. rg. 35/1994. Bæta skal niðurgröfnum geymi við ViaNove stöðina tveimur daggeymum og geymum undir lífræna olíu í þró félagsins um olíugeyma í útbótaáætlun sem unnið er eftir.

**ATHUGASEMDIR****Athugasemd 1: Viðbragðsáætlun til að taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa**

Senda skal Umhverfisstofnun uppfærða áætlun félagsins sem nú er unnið að vegna vottunar á umhverfisstjórnunarkerfum.


**Athugasemd 2: Áætlun vegna eðlilegs reksturs og viðhalds rykhreinsibúnaðar**

Senda skal Umhverfisstofnun uppfærða áætlun félagsins sem nú er unnið að vegna vottunar á umhverfisstjórnunarkerfum.

**Athugasemd 3: Viðbragðsáætlun vegna óhagstæðra veðurskilyrða**

Senda skal Umhverfisstofnun uppfærða áætlun félagsins sem nú er unnið að vegna vottunar á umhverfisstjórnunarkerfum.

Reykjavík, 23.04.2013



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.